

Fjárlaganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2021  
UST202102-367/EBSH  
04.04

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni, þingskjal 900 – 538. mál.**

Vísað er til umsagnarbeiðni fjárlaganefndar Alþingis nr. 11432, dags. 22.02.2021, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni, 538. mál.

*Athugasemdir Umhverfisstofnunar eru eftirfarandi:*

Samkvæmt frumvarpinu er lögnum ætlað að taka til alls lands í eigu ríkisins og stofnana þess, sbr. 2. gr. frumvarpsins og er markmið þeirra m.a. að vernda náttúruverndarsvæði og önnur viðkvæm svæði fyrir átroðningi, sbr. f. liður 1. gr. frumvarpsins.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að mótaður verði almennur lagarammi um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni en stofnunin annast umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða og ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vert er að geta þess að í stjórnunar- og verndaráætlunum fyrir friðlýst svæði er m.a. skylt, skv. 2. mgr. 81. gr. náttúruverndarlaga, að fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun og aðgengi, svo dæmi séu nefnd. Umhverfisstofnun telur því eðlilegt að stofnunin komi að gerð samninga á friðlýstum svæðum sem fjallað er um í frumvarpinu.

Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að nýting lands taki ætíð mið af þörfum og eðli viðkomandi svæðis, ekki síst þegar náttúruverndarsvæði/friðlýst svæði eiga í hlut, enda eru verndarmarkmið mismunandi eftir svæðum sem og verndargildi þeirra mishátt. Þá eru svæðin mis viðkvæm fyrir ágangi.

Umhverfisstofnun tekur því undir þau sjónarmið að taka skuli mið af varúðarsjónarmiðum og öðrum umhverfissjónarmiðum við nýtingu lands og telur stofnunin að meginreglur II. kafla náttúruverndarlaga skuli hafðar að leiðarljósi, þ.m.t. að áhrif á náttúru svæða skuli einnig metin út frá heildarálagi svæðisins eða þess álags sem svæðið kann að verða fyrir.

Þegar um er að ræða náttúruverndarsvæði/friðlýst land þarf ekki síst að taka mið af friðlýsingaskilmálum og stjórnunar- og verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði, ástandi þess og innviðum, en auk þess sem taka þarf mið af mögulegum áhrifum starfsemi á

náttúruauðlindir og náttúrugæði viðkomandi svæðis, þarf einnig að taka mið af áhrifum starfsemi á ásýnd svæðisins og upplifun gesta.

Að lokum telur Umhverfisstofnum mikilvægt að við alla ákvarðanatöku og stefnumörkun um nýtingu lands sé stefnt að sjálfbærni og horft til þess að náttúrunni sé skilað til komandi kynslóða í sama eða betra horfi og núverandi kynslóð tók við henni.

Virðingarfyllst,

Eva B. Sólán Hannesdóttir  
lögfræðingur

Hildur Vésteinsdóttir  
sviðsstjóri